


Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Ársskýrsla 2020



Náttúrurannsóknastöðin
við Mývatn
2021

Yfirlit


Skýrslan fjallar í þetta sinn að mestu um athuganir á lífríki Mývatns og Laxár. Lífríkið ein- kenndist af miklu og langvarandi blámori (mor blábaktería eða leirlos í daglegu tali), en það var mjög lítið árið áður. Bitmýsstofninn í Laxá var þar af leiðandi mjög stór. Rykmý var mikið framan af en sýndi merki um mikla fækkun síðsumars. Hornsilum fer fjölgandi og eru farin að breiðast út um vatnið. Bleikju fjölgar en riðavirkni bleikju minnkaði talsvert miðað við tvö fyrri ár. Hrafnönd, hávelli, gargönd og skúfönd fer almennt fjölgandi (skúfönd og gargönd þó með bakslag þetta árið) en duggönd heldur áfram að fækka. Hornsílaetum (toppönd og flórgoða) fer enn fækkandi. Straumönd er enn í kreppu, fáir ungar sjást og varpstofninn minnkar mikið. Nýtt dýptarkort var gert af Ytriflóa.

Náttúruvöktun Mývatns sumarið 2020

Helstu niðurstöður

Ísabrot og stormar

Síðustu leifar ísa hurfu þann 17. maí og vatnið lagði aftur þann 11. nóvember. Stormur var dagana 27.–29. maí 2020. Hitamælir á stöð 40 í Syðriflóa var ekki lesinn fyrr en vorið 2021 vegna þess hve gruggugt vatnið var 2020, mælirinn fannst ekki vegna blámors. Hitamælirinn í Geirastaðaskurði er nú í gjótu með rennandi vatni á norðurbakkanum, nálægt lokumannvirkjunum. Landsvirkjun er einnig með hitamæli í skurðinum.



1. mynd. Útskrift úr vatnshitamæli á stöð 40 í Syðriflóa Mývatns (efri mynd) og útfallinu við Geirastaði. Árin 2018, 2019 og 2020.


Plöntusvif

Tegundasamsetning plöntusvifs í Mývatni sumarið 2020 var könnuð með háfsýnum (Tafla 1). Mjög mikið blámor var í Mývatni sumarið 2020. Með blámori er átt við það sem undanfarin ár hefur verið nefnt blábakteríumor og stundum vatnamor og kemur þegar blábakteríumor (Cyanobacteria) fjölgar mikið og vatnið verður gruggugt. Fylgst var með framvindu þess í útfallinu með síritandi flúrljómunarmæli (Algae-Guard) eins og undanfarin ár, en þar að auki voru teknar mælingar úti í vatninu nokkrum sinnum með handmæli (Algae-Torch) til að fylgjast með framvindu morsins, einkum með samanburð milli Ytri- og Syðriflóa í huga. Morið hefst venjulega í Ytriflóa. Erfitt að fastsetja tegundaheiti baktería og er oft notast við hugtakið *operational taxonomic unit* – *OTU* þegar þær eru flokkaðar. Einstakar útlitsgerðir bakteríanna verða hér nefndar eftir yfirbragði sambýlanna sem þær mynda: Flækjufesti (kvk.) (líkist *Dolichospermum flos-aquae*), slaufufesti (líkist *D. lemmermannii*), lykkjufesti (*Dolichospermum*, ógreind tegund), pylsufesti (*Dolichospermum*, ógreind tegund) og nýtt afbrigði sem hér verður nefnt kúlufesti.


Fimm atriði einkenndu blámorið sumarið 2020: (1) Það var mikið. (2) Það var langætt, byrjaði snemma og hélst út september. (3) Mortímabilið var tvískipt. Hlé varð á því í byrjun ágúst. (4) Morið barst óvenju langt inn á lindarsvæðin. (5) Tvær gerðir voru áberandi sem ekki hafa verið algengar fram að þessu, pylsufesti og kúlufesti. Hin síðarnefnda hefur ekki sést áður.

TAFLA 1. Tegundasamsetning svíþþörunguna og blámors í háfsýnum úr Mývatni 2020. Sýni úr Ytriflóa eru skygð, önnur sýni eru ýmist úr útfalli vatnsins eða í miðjum Syðriflóa (S.Basin).

MÝVATN 2020		10-Jun-20	10-Jun-20	23-Jun-20	26-Jun-20	29-Jun-20	10-Jul-20	10-Jul-20	10-Jul-20	21-Jul-20	28-Jul-20	10-Aug-20	11-Aug-20	09-Sep-20	09-Sep-20	02-Oct-20	02-Oct-20	
		S. Basin	N. Basin	Outlet	N. Basin	Outlet	N. Basin	S. Basin	Outlet	Outlet	Outlet	Outlet	N. Basin	S. Basin	N. Basin	N. Basin	S. Basin	
D	<i>Dolichospermum cf. flas-aquae</i>	colonies	3	1	5	2	11	4	1	27	43	53	25	3	35	5	1	3
		heterocytes	8	1	7	2	23	4	5	56	105	83	70	3	286	6	4	10
L	<i>Dolichospermum cf. lemmermannii</i>	colonies	--	1	50	37	32	42	32	30	20	5	1	9	+	4	--	--
		heterocytes	--	4	236	70	297	113	105	100	55	14	4	many	--	5	--	--
U	<i>Dolichospermum</i> type 3 (lykkjumor)	colonies	--	--	3	6	18	6	2	2	1	1	2	24	19	42	40	12
		heterocytes	--	--	36	50	88	50	8	11	7	7	41	215	77	164	42	14
U	<i>Dolichospermum</i> type 4 (pýlsumor)	colonies	--	--	7	--	5	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
		heterocytes	--	--	11	--	6	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
O	<i>Dolichospermum</i> type 5 (lemm. round)	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	11	--	--	--	--
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	15	--	--	--	--
U	<i>Dolichospermum</i> (straight types)	colonies	--	--	1	+	--	--	1	--	--	--	--	--	--	1	--	2
		heterocytes	--	--	1	--	--	--	2	--	--	--	--	--	--	--	--	--
C	Other <i>Dolichospermum</i>	colonies	--	--	2	--	1	1	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
		heterocytes	--	--	1	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
		colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
O	<i>Oscillatoria limnetica</i>	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
		colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
M	<i>Microcystis</i> sp./ <i>Aphanocapsa</i>	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	3	2	1
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
		colonies	6	1	1	--	--	--	--	--	+	--	--	--	--	--	--	1
S	<i>Diatoma elongatum</i>	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	2
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
		colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
F	<i>Stephanodiscus hantzschii</i>	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	76
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
		colonies	--	--	--	--	1	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
F	<i>Fragilaria crotonensis</i>	colonies	4	1	2	--	16	1	1	--	--	--	--	--	4	+	--	2
		heterocytes	41	20	28	--	194	20	20	--	--	--	--	--	32	--	--	22
		living cells	31	--	1	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
S	<i>Synedra actinasteroides</i>	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
		living cells	2	--	3	+	3	--	+	--	--	--	1	--	4	8	102	41
O	Other diatoms	colonies	1	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
		heterocytes	--	43	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
		living cells	17	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
U	<i>Dinobryon sociale</i>	colonies	--	1	2	--	--	1	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
M	<i>Uroglena volvox</i>	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
C	<i>Mallomonas</i>	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
A	<i>Pediastrum kawraiskyi</i>	colonies	+	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
		heterocytes	6	5	9	1	8	2	5	+	2	+	1	1	16	1	2	2
	P	<i>Pediastrum boryanum</i>	colonies	--	--	1	--	1	--	--	--	--	--	--	6	--	--	--
			heterocytes	--	--	--	--	1	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
	S	<i>Scenedesmus quadricauda</i>	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
			heterocytes	1	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
	T	Other <i>Scenedesmus</i>	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
			heterocytes	--	1	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
	S	<i>Sphaerocystis schroeteri</i>	colonies	--	--	8	--	18	1	--	--	1	--	--	+	--	--	--
			heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
	P	<i>Paulschulzia pseudovolvox</i>	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
			heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--
C	<i>Crucigeniella apiculata</i>	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	+	--	--	--	
		heterocytes	5	--	--	+	4	--	2	+	--	--	2	--	--	3	10	5
O	<i>Dictyosphaerium</i>	colonies	19	1	1	--	17	--	--	+	--	+	--	--	--	--	--	
		heterocytes	2	--	--	--	2	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
O	<i>Oocystis lacustris</i>	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
J	<i>Oocystis solitarius</i>	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
C	<i>Staurastrum</i> sp.	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
C	<i>cf. Rhodomonas</i>	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
C	<i>Cosmarium</i> sp.	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
O	<i>Elakatothrix</i>	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
		living cells	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
O	<i>Ankya cf. lanceolata</i>	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
		living cells	--	--	--	--	3	--	--	1	--	--	--	--	2	--	--	
O	Other	colonies	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
		heterocytes	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
		living cells	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
Other		--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	
SUM (<i>Dolich.</i> colonies; Frag. living cells)		134	74	122	46	319	77	63	60	69	59	30	50	111	67	157	167	



2. mynd. Helstu tegundir í blámori Mývatns sumarið 2020. Pýlsufesti var algeng á tímabili og áður óséð afbrigði birtist síðsumars og hlaut nafnið kúlufesti.



3. mynd. Framvinda blámors (blá lína) og grænþörungasvifs í útfalli Mývatns sumarið 2020. Takið eftir hléi á blámorinu í byrjun ágúst. Blámoreið 2019 er sýnt til samanburðar. Dagsmeðaltöl (sbr. tafla aftast í skýrslunni).

Úr dagbók blámorsins 2020

Blámoreið er eitt þýðingarmesta fyrirbærið í Mývatni og er fylgst með tegundasamsetningu þess og útbreiðslu með mælingum vítt og breitt í Mývatni og heildarmagni í morsins yfir sumarið með siritum í útfallinu og í miðjum Syðriflóa (síðastnefndu gögnin eru ekki birt hér). Mikið blámoreið var í Mývatni 2020 svo að atburðarásinni er lýst nokkuð ítarlega hér en vísað til dagbókar RAMÝ um smáatriðin.

10. júní: Í Ytriflóa (YF) mest *Dinobryon*, í Syðriflóa mest *Synedra actinasteroides* (kísilþörungur) og grænþörungurinn *Oocystis lacustris* (á byrjunarstigi). Mikið af frumlausum *Dinobryon*-grindum, sumar með gróum, sem bendir til undangengins blóma. Vottur af *Dolichospermum flos-aquae* (flækjufesti) fannst í báðum flóum en *D. lemmermannii* (slaufufesti) líka í YF.

23. júní: Í útfallinu var mest af *Dolichospermum*. Fjórar tegundir (gerðir): *D. lemmermannii* (slaufufesti) algengust, svo *lykkjufesti* og *pylsufesti*. Minnst af *D. flos-aquae* (flækjufesti). Laxá ekki enn lituð að ráði af blámorei.


25.–26. júní: Morið kortlagt (4. mynd). Vatnið grænleitt og talsvert kornað af *Dolichospermum*. Blámoreið í Ytriflóa en ekki mjög þétt; mest af *slaufufesti* en líka *lykkjufesti*; lítið af *flækjufesti*. Vindasamt dagana á undan og morið hefur borist talsvert í Syðriflóa.

10. júlí: Syðriflóa er tærari en áður, sjónþýpi um 1,8 m NA af stöð 40 (norðanvert miðbik Syðriflóa). Morið þar sýnir merki um að það sé að hrörna. Það er gulglært í smásjá og festarnar leysast auðveldlega sundur (5. mynd).



11. júlí: Enn er mikill brúnn litur á YF, en hann sést ekki í frussi frá bátnum svo að morið er tæpast mjög mikið og mest í yfirborðinu.

21. júlí: Morið að minnka mikið, en áin er enn vel lituð, blanda af grænu og brúnu, ekki fallgur litur. Þörungatalning í ánni gefur *D. flos-aquae* 60% og *D. lemmermannii* 40% og lítið annað að sjá.



24.–25. júlí: Mikið blámoreið er komið inni á Bolum og litur á vatni alveg inn að Syðrivogum. Norðanátt dagana á undan gæti hafa ytt því þangað og frá útfallinu og því komið niðursveifla í mælingu útfallsins (sjá fyrri niðursveiflu á línuriti). Straumur af mori liggur um grunnið við Nónhól, virðist vera á leið vestur, til baka út úr Sundunum.



4. mynd. Vinstra megin: Kort byggt á AT-mælingum á um 1 m dýpi 25.–26. júní 2020. Hægra megin: Gervihnattarmynd (Sentinel-2) frá 2. júlí sýnir blámorið í Ytriflóa og að það hefur dreifst þunnt um Syðriflóa. Athuganir á Ytriflóa 3. júlí sýndu mikið, ljósbrúnt blámor þar.



5. mynd. Vinstri: Fölluð Dolichospermum tegund, líklega deyjandi *D. lemmermannii* (slaufufesti). Syðriflóa 10.7.2020. Hægri: *D. flos-aquae* ofar, *D. lemmermannii* neðar. Ytriflóa 10.7.2020.



6. mynd. Magn blábaktería (bláðgræna í lítra) í Mývatn í ágúst. Athuga mismunandi mælikvarða á kortunum.

28. júl: Blámorið vex hratt í útfallinu, enda komið logn og vindur heldur því ekki frá ánni. (mest *D. flos-aquae*, flækjufesti, en líka *D. lemmermannii*, slaufufesti). Þennan dag var mikið mýklak um allan Syðriflóa og rak púpuhami í stórum stíl upp að suðurbakkanum við Fellshól

og blandaðist deyjandi blámori. Hinn 30. júní voru stórir lítríkir flekkir af þessu samsulli vestan við Fellshól, meiri en áður hefur sést (8. og 9. mynd) og helgast sennilega af því að fyrir á tímum var jafnan fátt um rykmý í svo miklum mikil blámorsárum.

30. júlí: Blámor nær alveg inn að Höfða og er eingöngu *D. flos-aquae* (7. mynd, flækjufesti, – reyndar með samsíða keðjum eins og 2015).




7. mynd: Flækjufesti í Strandarvogi á Bolum 30. júlí 2020.




8. mynd. Samhræringur pípuhama og blámors við Fellshól 30. júlí 2020. Myndað úr dróna.



9. mynd. Samhræringur pípuhama og blámors við Fellshól 30. júlí 2020. Myndað úr dróna.



10. mynd. Mælingar á blámori 30. júlí (grænt) og 4. ágúst (blátt).



10. mynd. Yfirlitsmyndir af blámori á Bolum og vogunum milli Garðs og Kálfastrandar 29. júlí. Óvenjulegt er að mor berist þetta langt inn á lindasvæðin.




11. mynd. Yfirlitsmyndir af blámori við Skútustaði 28. júlí (t.v.) og á Ytriflóa við Reykjahlíð 29. júlí 2020 (t.h). Takið eftir litamuninum.




12. mynd. Blámor í Helgavogi við Ytriflóa 30. júlí 2020. Ljósbrúnn litur og oliukennd slika með skýrum brúnum einkemandi fyrir D. lemmermanni (slaufufesti).

11. ágúst: Í Ytriflóa er áður óséð afbrigði af *Dolichospermum* (13. mynd) og talsvert af því (hluti morsins, sem annars er mest lykkju- og slaufufesti): Kúlulaga akínötur(dvalagró) sitt


hvorum megin við lítið eitt aflanga heterocystuna (niturbindandi frumur). Kúlulaga eða aflangar, svólítið kornóttar vegetatífar frumur (ósérhæfðar frumur). Líklega e-s konar afbrigði af slaufufesti og hlaut nafnið kúlufesti. *Flos-aque*-týpan sem var í YF er þar enn, en er að leysast upp (14. mynd). Í Syðriflóa var einungis flækjumor (15. mynd). Gervihnattarmyndir sýna vel þróunina næstu daga (16.–17. mynd).




13. mynd. Ný týpa blábakteríu í Ytriflóa, 11. ágúst 2020. Uppröðun eins og *D. lemmermannii* en allar frumur nálgast kúlulögun. Hún hlaut nafnið kúlufesti.




14. mynd. Aðrar og gamalkunnar týpur í Ytriflóa, 11. ágúst 2020. Frá vinstri: lykkjufesti, slaufufesti, flækjufesti.




15. mynd. Í Syðriflóa var einungis flækjumor (*D. flos-aquae*). 11. ágúst 2020



16. mynd. Vinstra megin: Gervitunglamynd sem sýnir blómann 12. ágúst og hvernig hann pressast inn á Bolina, líklega undan vindi. Hægra megin: Blóminn nær langleiðina suður að Garð 26. ágúst. (Sentinel-2 myndir.)



17. mynd. Blámorið litaði enn Mývatn 5. september 2020.



18. mynd. Blámor í Mývatni 9. september 2020

15. september: Sentinel-2 mynd sýnir að vatnið er tært á sunnanverðum Bolum og er að verða frekar tært í Ytriflóa.

2. október: Enn er kornótt vatn af blámorei, en mæligildi eru lág. Svifsýni mest lykkjufesti og smávegis af flækjufesti. Mikið af kísilþörungum, *Synedra acus* í báðum flóum og í SF er *Stephanodiscus hantzschii*.


Í töflu 2 er yfirlit yfir tegundasamsetningu blámorsbaktería í Mývatni sumarið 2020.

Tafla 2: Yfirlit yfir tegundasamsetningu blámorsbaktería í Mývatni 2020. Sf: Syðriflói, Yf: Ytriflói Bo: Bolir. Hlutfallslegt magn tegunda er gefið með fjölda plúsmerkja (1+ til 3+). Taflan sýnir að tegundasamsetningin breytist mikið yfir sumarið.

Dagur 2020 (hvar skoðað)	flos-aquae	lemmerm.	lykkju	pylsu	ný tegund
10.6. (Yf Bo)	Yf1+ Bo1+	Yf1+			
23.6. (Sf)	Sf1+	Sf3+	Sf2+	Sf2+	
25.6. (Yf)	Yf1+	Yf3+	Yf2+		
10.7. (Yf Sf)	Yf1+	Yf1+ Sf1+			
21.7. (Sf)	Sf3+	Sf2+			
28.7. (Sf)	Sf3+	Sf2+			
30.7. (Bo)	Bo3+				
11.8. (Yf Sf)	Yf1+ Sf3+*	Yf2+	Yf2+		Yf2+
9.9. (Yf Sf)	Yf3+ Sf1+*	Sf1+	Yf3+ Sf3+		
2.10. (Yf Sf)	Yf1+ Sf1+	Sf2+	Yf3+		

*) dálítið öðruvísi en í Ytriflóa


Ferill blámors í Mývatni 2011–20 er sýndur á 19. mynd. Samkvæmt honum er árið 2020 með meiri blámorsárum og einkennist m.a. af því hve snemma morið byrjaði og að tvær vaxtarbylgjur komu með skýru hléi á milli. Þá kom fram áður óséd afbrigði af blábakteríu. Enn má nefna að mjög óvenjulegt er að morið nái svona langt inn á lindarsvæðin sem raun ber vitni (1992 gerðist það, eftirminnilega).




19. mynd: Ferill blámors í útfalli eða syðri hluta Mývatns (2011 og 2013) árin 2011–2020.

Tjarnir á Skútustöðum

Sú nýbreytni var tekin upp að fylgjast með blaðgrænu í fjórum tjörnum við Skútustaði, enda auðvelt í framkvæmd með nýju tæki (Algae-Torch frá BBE-Moldenke) sem byggir á flúrljómun í vatninu (sjá meðfylgjandi línurit). Í Boðatjörnunum voru blaðgrænegildin mjög há og þar var mikið blámor (*D. flos-aquae* 10. og 14. júlí, sbr. myndir 19–20). Nokkurt mor var í Stakhólstjörn, einkum fyrri hluta sumars. Ekkert blámor kom í Skjólbrekkutjörn (tjörnin sunnan undir félagsheimilinu) frekar en venjulega.




19. mynd. Bláðgræna í sviði fjögurra tjarna við Skútustaði sumarið 2020. Blár flötur sýnir bláðgrænu í blábakteríum en svört lína er heildarmagn bláðgrænu.



20. mynd. Blábakteríur í Boðatjörn 14.7.2020. *D. flos-aquae*. Takið efir hlauphjúp með svörtum kornum í (bakteríur).

Drónamyndir af Fellshólstjörn eystri 28. júlí leiddu í ljós að blámor var í henni (og einnig í litlu tjörninni úti í Rófum, norðan við Stakhólstjörn). Sýni leiddi í ljós tegundina *D. flos aquae*, flækjufesti, í fyrnefndu tjörninni (21. mynd).




21. mynd. Blámor í Fellshólstjörn eystri. Tegundin er *D. flos-aquae*.

Botngróður

Slý í Mývatni


Aðeins ein gervihnattarmynd náðist af botni vatnsins árið 2020 (22. mynd). Hún var frá 17. júní, eða áður en vaxtartíminn hófst að ráði, og sýnir því í raun stöðuna í lok sumars árið áður, 2019. Aðrar myndir sýndu ekki botninn vegna þess hve blámoreið var mikið. Snemma í júní sást smágerður kúluskítur rekinn við Slútnes. Hinn 3. júlí sást smágerður kúluskítur fljóta í nokkrum mæli út af Vogum í Ytriflóa. Smágerður kúluskítur vex því í einhverjum mæli í Ytriflóa, en sást ekki í Syðriflóa 2020. Vatnaskúf (*Aegagropila linnaei*), þó ekki á kúluskítisformi, rekur svolítið fjörur við Vagnbrekku (m.a. Lönguvík) og Fellshól í stormum., og er hinn fyrrnefndi vafalítið ættaður úr svarta flekknum (22. mynd) suður af Vagnbrekku.



22. mynd. Gervitunglamynd (Sentinel-2) frá 17. júní sýnir vel hve lítill gróður var á botni Mývatns. Svörtu flekkirnir meðfram jaðri Syðriflóa eru slýflekki (*Cladophorales*).

Slý í Laxá


Fylgst er með slývexti í Laxá, til að leita skýringar á mismun milli ára. Stuðst er við þá vinnutilgátu að slývöxtur fari eftir magni fosfórs í árvatninu og tengist magni blámors í Mývatni. Slýið er af ættkvíslinni *Rhizoclonium* en örugg tegundagreining liggur ekki fyrir hér á landi frekar en víðast hvar annars staðar. Drónamyndir voru teknar af Laxárvíslunum 6. ágúst og 5. september 2020. Mjög lítið var af slýi miðað við árið 2019 (sjá 23. mynd).








23. mynd. Efri: Laxárvíslar við Geirastaði 21. ágúst 2019. Neðri: Sama svæði 6. ágúst 2020.


Endur og aðrir vatnafuglar


Fuglatalningar eru (1) Vortalningar og (2) síðsumartalningar. Vortalningar á Mývatni hófust 16. maí. Talið var á Svartárvatni, Svartá og í Bárðardal 31. maí (ekki var talið þar síðsumars þetta árið). Síðsumartalningar hófust í ágústbyrjun, ef frá er talin rauðhöfðatalning sem fer fram um 10. júlí ár hvert. Hér að neðan er línurit sem sýna þróunina frá árinu 1974:






Toppöld: Rauð lína er fjöldi fullorðinna fugla í ágúst.







24. mynd. Niðurstöður vatnafuglatalninga á Mývatni og Laxá 1975–2020. Súlar í linuritum sýna fjölda unga sem komust á legg, rauðar línur tákna steggi í felli (heildarfjölda í felli hjá flórgoða og toppönd, og kvenfugla á vori hjá rauðhöfða). Bláar línur tákna kvenfugla hjá hrafnstönd.

Sú nýbreytni var tekin upp að sýna niðurstöður talninga síðsumarsins á kortum og hér má sjá nokkur þeirra:






25. mynd. Útbreiðslukort vatnafugla í ágústbyrjun 2020.

Óvenju mikið fuglalíf var við Laxárkvíslarnar síðsumars. Mikið hettumáfsger (sennilega þorri hettumáfa í Mývatnssveit) var að éta varg sem var að klekjast, stelkar og jaðrakanar líka. Stórir unghópar skúfanda og húsanda og talsvert af duggönd og hrafnstönd (sjá myndir). Lítið var hinsvegar af straumönd. Rykmý var víða við Laxá og töluverður vargur. Hinn 9. ágúst fundust húsundur með unga neðan brúarinnar á Laxá við Arnarvatn, en mörg ár eru síðan sú hefur verið raunin.

Athygli vekur að lítið bætist nú við húsundur á Mývatnssvæðinu á sumrin miðað við vortöluna. Það þýðir að annað hvort er að fækka í heildarstofninum eða að fuglar hafa fundið sér annan dvalarstað um fellitímann. Hvort tveggja þarfnast rannsóknar. Kanna þarf sérstaklega hvort húsundur felli á Veiðivötnum. Þess má geta að 10. júní ómaði hávellusöngur um allan Syðriflóa svo minnti á ummæli „gamla fólksins“ við Mývatn á áttunda áratug síðustu aldar sem minntist söngsins á árum áður. Hávellustofninn hefur nú næstum þrefaldast síðan um 1975.


Lítið komst upp af ungum toppandar, flórgoða, straumandar, skúfandar og duggandar, en hrafnandar- og húsandarungar komust vel af. Vísbendingar eru um að hávelluungar hafi líka verið með meira móti, en talning þeirra er örðugleikum bundin vegna þess að þeir líkjast of mikið fullorðnum kvenfuglum. Rauðhöfðaungatalning fór fram um 10.–13. júlí. Alls fundust 88 kvenfuglar og 146 ungar (1,66 ungar/kollu). 10. október Annað sem tíðindum sætti var að um 500 skúfendur voru á Neslandavík hjá Vindbelg þann 10. október.



26. mynd. Skúfandarungar á Ystukvisl og húsandarkolla með unga á Miðkvisl.



27. mynd. Húsandar-, hrafnandar- og skúfandarungar á Syðstukvisl.



28. mynd. Framvinda vatnafuglastofna í Mývatnssveit 1975–2020 sýnd sem frávik (fjöldi staðalfrávika) frá meðaltali tímabilsins (vortölur nema annað sé tekið fram). Glöggst má sjá langtímaframvindu stofnanna. Dökki liturinn merkir ár sem fjöldinn var yfir meðaltali en ljósi liturinn þau tímabil þar sem fjöldinn var undir meðaltali. Duggönd er dæmi um stofn sem hefur fækkað mikið í, en skúfönd hefur fjölgað mikið.

Álftir í Laxárdal

Gerð var tilraun til að telja álftir í Laxárdal 23. september og 19. nóvember 2020 með aðstoð dróna. Farið var í þetta verk vegna ábendingar um talsverðan fjölda álfta þar og vangaveltur um að þær gætu haft neikvæð áhrif á urriðariðum. Ekki er vitað hvar urriðinn hrygnir í dalnum, en líklegt er að það sé milli Ljótstaða og Kasthvamms en þar er minni straumur en ofar í dalnum. Drónanum var flogið frá efri hluta Birningsstaðaflóa suður undir Hóla, áin mynduð og álftirnar taldar á myndunum. Vonast var til að riðablettir sæjust úr lofti í nóvember, en mikið krap í ánni kom í veg fyrir það.



29. mynd. Dreifing álfta á Laxá milli Birningsstaðaflóa og Hóla í september og nóvember 2020. Norður er til hægri.

Sjaldgæfar tegundir

Helstu sjaldgæfar tegundir á Mývatni voru eftirfarandi:

Rákönd (*Anas carolinensis*), steggur í Hrauney 25. maí.

Ljóshöfði, karlfugl Kerlingarnes 4. júlí.

Skutulönd, steggur yst á Neslandatangaanga 29. maí.

Kúfandarsteggur, á Neslandatanga 31. maí og 2. júní.

Dvergmáfspar var með hreiður við Sandvatn 31. maí.

Kanadagæs var við Rífsbáru hinn 12. ágúst.

Þrír ungir dílaskarfar héldu til við Geitey um vorið (síðast skráðir 26. júní).

Svartbakur verpti í Hrauney eins og 2019 og kom upp 3 ungum.

Tveir hafernir heimsóttu Mývatn annað slagið um sumarið, annar fuglinn var ungur en hinn líklega 4ra ára gamall.

Svarfaðardalur

Talið þar 25. maí. Mikill snjór var í fjöllum og vatnsstaða á engjum há. Mikið var af fugli, grágæs og jaðrakan voru áberandi. Bleshæna sást á Hrísatjörn, á sama punkti og í fyrra.

Mýflugur

Mýmyndavélar voru settar upp á Geirastöðum og í Haganesi 1. júní. Fluggildirur voru uppi allt sumarið á hinum 9 hefðbundnu stöðum (Kálfaströnd, Miðaftanshól, Hrauntanga, Hrauney, Syðri Neslöndum, Vindbelg, Helluvaði, Haganesi og Dragsey). Þær voru tæmdar reglulega um sumarið en hrárrí veðinni steipt saman á hverjum stað í tvö tímabil, fyrir og eftir miðjan júlí, svo úr verða 18 sýni til úrvinnslu.

Fyrstu mýstrókar sáust 29. maí, í Syðri Neslöndum. Þar voru strókar af *Chironomus islandicus* (stórar, þ.e. 2ja ára flugur, en minni *C. islandicus* flugur við innri Neslandavíkina). Þessi tegund var líka komin í Haganesi 1. júní. Mývargur var kominn á Geirastöðum 1. júní. Þann 6. júní sást eins og það væri reykjarmökkur upp úr vatninu lengst út á vatni og kom hann svo suður yfir til Álftagerðis, að sögn Lovísu Gestsdóttur, Álftagerði. Það var svo 9. júní sem þær flæddu yfir (sama heimild). Hinn 7. júní bárust fregnir og myndir af stórum og smáum flugum í strókum í Rófum, Vagnbrekku og Ytri Neslöndum (allt við Syðriflóa). Hinn 10. júní voru mýstrókar í Geitey og mikið af *Tanytarsus*-hömum og talsvert af *Chironomus* um allan austanverðan Syðriflóa (vestanverður flóinn var ekki kannaður). Mikill mývargur (*Simulium*) var við Ytriflóa (í Hrauney) og á Geirastöðum þann 10. júní. Hinn 12. júní skrifar Helgi Héðinsson, Geiteyarströnd: „Það hefur verið að koma upp gusa og gusa af mýi og ég hef töluvert orðið var við mjög stóra stóru-toppflugu síðustu vikur. Svo hafa komið upp klakgusur á víxl vestur af eyjum og suður með landi. Ýmsar tegundir. Vargurinn virðist í meðallagi, en í það minnsta kom upp eitthvað af honum. ... Ég sigldi inn í eitt allra mesta klak sem ég hef séð vestur af Mikley um hvítasunnuhelgina.“

Hinn 23. júní var mikill vargur. Þann 25. júní var svolítið af *Cricotopus* að kvikna á Syðriflóa, smá strókar í Bekrum, og ofurlítið af dreifðum og þunnum mýstrókum þegar lægði um kvöldið (Fellshóll). Hinn 28. júní var vargur við suðurbakka Mývatns (Fellshól). Hinn 30. júní var örlítið af rykmýi við vatnið sunnanvert, en enginn vargur. Örlítill vottur af smáu mýi í Ytriflóa (líklega *Cricotopus*) hinn 3. júlí. Hinn 4. júlí var lítið um mý við norðurströnd Syðriflóa.


Hinn 10. júlí sýna botnkjarnar mýlirfupípur í Syðriflóa, sbr. mynd. Smá mýstrókar sáust við Grænalæk. Hinn 11. júlí voru smá mýstrókar í Hrauney og í Varpteigum (Ytriflóa), en ekki ein einasta vargfluga sást við Ytriflóa. 12. júlí var varglaust á Skútustöðum.



30. mynd. Mýlirfupipur af botni Syðriflóa 10. júlí 2020.

Hinn 13. júlí var vargur að koma upp úr ánni hjá Geirstöðum í miklum mæli; hettumáfager var að tína hann þar og karlflugusveimar vargs voru í lofti. Hinn 18. júlí var mikið bitmýsklak neðan svokallaðs Rafstöðvarstrengs hjá Geirastöðum. Hinn 20. júlí voru rykmýsstrókar í Haganesi. Þeir höfðu byrjað daginn áður, skv. sjálfvirku mýmyndavélinni sem þar er. Þann 30. júlí var mikið smátt mý í eyjum og á vatninu, og um kvöldið var grauttur af púpuhömum við suðurbakka vatnsins, vestan Fellshóls. Þann 4. ágúst var mikið af smáu mýi í Geitey (*Tanytarsus*). Hinn 11. ágúst var enn smátt mý í þunnum strókum í eyjunum. Hinn 16 ágúst var mikill og grimmur vargur vestan vatns (Arnarvatn, YtriBreiða) og 18 ágúst var „vondur vargur“. Hinn 6. október var vottur af vargi hjá Geirastöðum, sem ekki hefur verið undanfarið. Engin merki voru um að þriðja vargganga kæmi um haustið, en fylgst var með því fram í miðjan október. Anthony Ives upplýsti 5. september að botnsýni bendi til þess að *Tanytarsus* sé hruninn, a.m.k. virðist mikil fækkun.

Á árinu tókst að vinna úr mýgildrusýnum undangenginna ára svo að töluleg gögn liggja fyrir um mýgöngur allt frá árinu 1977. Hér að neðan er dæmi um niðurstöður varðandi bitmý við Laxá. (Dragsey í landi Haganess).




31. mynd. Veði bitmýs í flugugildru (blá gröf: efst heildarveði sumarsins, næst vorveidin og neðst síðsumarveidin) borin saman við rennsli árinna (bleikt graf efst).


Fiskar

Hornsíli


Vöktun fór fram með hefðbundnum hætti; veitt var tvisvar á 8 stöðum um 20. júní (hófst 25. júní í þetta sinn vegna storms) og 20. ágúst. Talsverð veiði var um vorið. Enn virðist sama mynstur í sílum og 2019: Þétt síli í Ytriflóa en lítið í Syðriflóa. Við hugleiðum hvort sílin séu hætt að kunna að eða vilja flykkjast frá heimkynnum sínum eins og áður tíðkaðist (breyting á genatíðni eftir stóra hrunið) eða hvort stóra bleikjan sem nú finnst í Syðriflóa fæli þau frá. Árleg heildarveiði frá 1990 er á 32. mynd og skipting hennar á 33. mynd. Veiði einstakra stöðva er á 34. mynd.



32. mynd. Heildarveiði hornsíla í Mývatni 1990–2020.



33. mynd. Hornsílaveiði í Mývatni 1990–2020. Punktalína: heildarveiði árs (júní+ágúst); blátt: vorveiði; hvít lína: sumarveiði. Rauðleitar blöðrur: heildarfjöldi seiða; bláar blöðrur: heildarfjöldi seiða deilt með stórum sílum í júní.



